

Ú R S K U R Ð U R

Hinn 10. apríl 2013 kom dómstóll Skáksambands Íslands saman í húsakynnum sambandsins að Faxafeni 12, Reykjavík, og tók fyrir kærumál nr. 2/2013:

Skákdeild Fjölnis (SF)

gegn

Taflfélagi Reykjavíkur (TR).

Dóminn skipa:

Björgvin Jónsson hrl., Jón Rögnvaldsson og Hlíðar Þór Hreinsson.

Gögn málsins liggja fyrir en þau eru:

Nr. 1. Kæra dags. 2. mars 2013.

Nr. 2 Tölvupóstur frá formanni Skákdeildar Fjölnis til mótstjórnar SÍ, þ. 4. mars 2013.

Nr. 3 Úrskurður mótstjórnar Íslandsmóts skákfélaga, dags. 8. mars 2013.

Nr. 4 Bréf v. áfrýjun Skákdeildar Fjölnis, dags. 9. mars 2013 ásamt fylgiskjöllum.

Nr. 5 Tölvupóstur þ. 4. apríl 2013 frá varnaraðila.

Þann 9. mars 2013 barst dómstólnum kæra Skákdeildar Fjölnis á úrskurði mótstjórnar Íslandsmóts skákfélaga 2012-2013 frá 8. mars 2013. Af hálfu sóknaraðila er þess krafist að framangreindur úrskurður mótstjórnar SÍ verði felldur úr gildi, og að úrslit í viðureign a-sveitar Skákdeildar Fjölnis við b-sveit Taflfélags Reykjavíkur 4,5 – 1,5 þann 2. mars 2013 standi óhöggð. Í greinargerð með kæru er vísað til að mistök hafi verið gerð hjá Skáksambandinu sumarið 2010 þegar nafn Robert Ris féll út af Keppendaskrá SÍ. Jafnframt telur sóknaraðili að forsenda afskráningar erlends skákmanns af Keppendaskrá SÍ sé að hlutaðeigandi félag hafi verið upplýst um hana af Skáksambandinu. Varnaraðila var gert viðvart um kærana og gefinn kostur á andsvörum. Með tölvupósti þ. 4. apríl sl. bárust dómstólnum athugasemdir TR. Þar er áréttað að TR telji að Robert Ris hafi verið ólöglegur keppandi í viðureign félaganna í 7. umferð Íslandsmóts skákfélaga 2012-2013 (2. deild) þar sem nafn hans hafi ekki verið í Keppendaskrá SÍ er gildi fyrir Íslandsmót skákfélaga 2012-2013. Jafnframt er vísað til að Robert Ris hafi síðast (þ.e. fyrir Íslandsmót skákfélaga 2012-2013) telft á Íslandsmóti skákfélaga 2008-2009 og því hafi nafn hans ekki átt að vera inn í Keppendaskránni skv. „þriggja ára reglunni“, enda hafi umboð hans sem keppanda ekki verið endurnýjað.

Með lagabreytingum á 12. gr. laga Skáksambands Íslands og 18. og 19. gr. Skáklaga Skáksambands Íslands, sbr. nú í 19. og 20. gr. Skáklaga SÍ, sem gerðar voru á aðalfundi Skáksambandsins þann 29. maí 2010, var tekið upp það fyrirkomulag að af hálfu Skáksambandsins yrði haldinn sérstakur keppendalisti er nefndist Keppendaskrá SÍ yfir

þátttakendur á Íslandsmóti skákfélaga. Er skv. 19. gr. Skáklaga SÍ mælt fyrir um að til að keppendur teljist löglegir á Íslandsmóti skákfélaga skuli þeir komnir á Keppendaskrána eða hafa verið tilkynntir þangað 20 dögum fyrir upphaf fyrri hluta mótsins. Tvennar undantekningar eru heimilaðar frá þessu skv. umræddri lagagrein, sú fyrri varðandi skákmenn sem eru án skákstiga og án félags og hin seinni varðar skákmenn með lögheimili á Íslandi sem ekki tóku þátt í fyrri hluta mótsins, en hafa þá möguleika á að tilkynna sig inn á Keppendaskrána sé það gert eigi síðar en 20 dögum fyrir seinni hlutann. Hvorug þessara undantekninga á hins vegar við um þann keppanda er kæran varðar.

Samkvæmt 12. gr. laga SÍ skal Keppendaskránni og reglum um skráningu í hana lýst í sérstakri reglugerð. Reglugerð um Keppendaskrá Skáksambandsins var samþykkt á fyrsta stjórnarfund SÍ eftir umræddan aðalfund 2010, samhljóða drögum að henni er fylgt höfðu gögnum um lagabreytingar á aðalfundinum. Í 3. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að Keppendaskráin komi fyrst út 1. júní 2010. Um skráningu í hana segir að skráin verði byggð á félagaskrár taflfélaganna sem skilað var inn fyrir Íslandsmót skákfélaga 2009-2010 með athugasemdum þeirra sem skilað var inn í febrúar 2010. Erlendir skákmenn sem telft hafi í Íslandsmóti skákfélaga á árunum 2007-2010 færast sjálfkrafa inn í skránni. Um aðra erlenda skákmenn er félögin óski eftir að skrá inn gildi hins vegar ákvæði annarar greinar reglugerðarinnar. Samkvæmt 2. gr. reglugerðar skal skákmaður senda Skáksambandi Íslands tilkynningu um það á þar til gerðu eyðublaði, ef hann skiptir um félag, nýskráist í félag eða hættir í því. Ennfremur segir að Skáksambandið skuli senda staðfestingu til baka og upplýsa bæði gamla og nýja félag hans um þetta með sannanlegum hætti. Í 4. gr. reglugerðarinnar segir síðan: „Erlendir skákmenn sem ekki hafa telft með sínu félagi s.l. þrjú keppnistímabil detta út af keppendaskránni, nema umboð þeirra sé endurnýjað.” Þrátt fyrir að orðalag þessarar greinar reglugerðarinnar mætti vera skýrara, verður að líta svo á að þar sé átt við að fella skuli erlenda skákmenn út af Keppendaskránni, hafi þeir ekki tekið þátt í Íslandsmóti skákfélaga þrjú mót í röð, enda voru nöfn erlendra skákmanna ekki sjálfkrafa færð inn á keppendaskránni við innleiðingu hennar nema þeir hefðu telft í Íslandsmóti skákfélaga á árunum 2007-2010, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar.

Ofangreindar reglur um Keppendaskrá SÍ komu í stað eldra fyrirkomulags þar sem taflfélögin sendu Skáksambandinu félagatöl sín fyrir upphaf Íslandsmóts skákfélaga. Ástæður breytinganna voru m.a. að borið hafði á því að í félagaskrár taflfélaganna væru nöfn erlendra skákmanna að því er virtist án þess að viðkomandi skákmaður væri um það kunnugt. Vandkvæði gátu svo orðið ef viðkomandi skákmaður hugðist taka þátt í mótinu með sveit annars taflfélags. Um tilgang Keppendaskrárinnar segir í 1. gr. reglugerðar um Keppendaskrá Skáksambandsins að hann sé að gera umsýslu með keppendalistum fyrir Íslandsmót skákfélaga auðveldari, upplýstari og öruggari.

Fyrir liggur að umræddur erlendur skákmaður, Robert Ris, er kærar varðar, telfdi fyrir skákdeild Fjöltnis á Íslandsmóti skákfélaga 2008-2009 í mars 2009. Nafn hans átti því skv. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar um Keppendaskrá Skáksambandsins sjálfkrafa að færast í Keppendaskrána er hún var upp tekin í júní 2010. Fyrir hrein mistök við uppritun á Keppendaskrá SÍ í upphafi, láðist hins vegar að skrá Róbert Ris í hana. Verður að líta svo á að hann skuli teljast hafa átt að vera í Keppendaskránni og því verið löglegur keppandi á Íslandsmóti skákfélaga uns liðin væru þrjú keppnistímabil frá því að hann síðast tók þátt í mótnu. Hins vegar er jafnframt upplýst að Róbert Ris tók næst, þ.e. á eftir Íslandsmóti skákfélaga 2008-2009, þátt í Íslandsmóti skákfélaga 2012-2013. Leiðir hér af efnisreglu 4. gr. reglugerðar um Keppendaskrá Skáksambandsins að nafn Róberts Ris skyldi falla út af Keppendaskránni eftir Íslandsmót skákfélaga 2011-2012, þar sem þá voru liðin þrjú keppnistímabil án þátttöku hans í mótnu. Samkvæmt því leiða efnisreglur 3. gr. og 4. gr. reglugerðar um Keppendaskrá Skáksambandsins ekki til niðurstöðu um að nafn Róberts Ris hafi átt að vera í Keppendaskrá SÍ er gildi fyrir Íslandsmót skákfélaga 2012-2013. Kemur þá til skoðunar sú vörn af hálfu Skákdeildar Fjöltnis að afskráning á erlendum skákmönnum úr Keppendaskrá SÍ skv. 4. gr. reglugerðarinnar eigi að lúta ákvæði 2. gr. reglugerðarinnar á þann hátt að Skáksambandinu beri að upplýsa hlutaðeigandi taflfélag um hana, og fyrr en það hafi verið gert geti hún ekki tekið gildi. Leiðir m.a. af atvikum í málinu að Skáksambandið upplýsti Skákdeild Fjöltnis ekki um að Róbert Ris hefði fallið af Keppendaskránni. Er af hálfu sóknaraðila vísað til að í tilviki þess að félagið hefði verið upplýst um þetta hefði því gefist kostur á að bregðast við með endurnýjun umboðs viðkomandi erlends skákmanns.

Samkvæmt 2. gr. umræddrar reglugerðar skulu félagaskipti, nýskráning eða úrsögn úr taflfélagi fara í gegnum Skáksambandið, þ.e. mælt er fyrir um að viðkomandi skákmaður skuli sjálfur tilkynna Skáksambandinu um ofangreint á þar til gerðu eyðublaði. Skuli Skáksambandið svo upplýsa hlutaðeigandi félög um þetta, með sannanlegum hætti. Reglugerðarákvæðið tilgreinir einvörðungu að Skáksambandinu beri tilkynningarskylda til viðkomandi taflfélaga í þeim tilvikum er greinir í 1. málslíð greinarinnar, þ.e. í kjölfar þess að því berist tilkynning skákmanns um félagaskipti hans, nýskráningu hans eða úrsögn úr félagi. Ekki getur þar neitt um að Skáksambandinu beri skylda til að senda tilkynningu hlutaðeigandi taflfélagi þar sem viðkomandi hefur verið skráður félagsmaður, þegar erlendur skákmaður er afskráður af Keppendaskrá SÍ skv. 4. gr. reglugerðarinnar. Ekki er heldur mælt fyrir um tilkynningu af hálfu Skáksambandsins í 4. gr. reglugerðar. Samanber framangreint er því ekki að finna stoð fyrir því í reglugerðinni að forsendur afskráningar erlends keppenda af Keppendaskránni eftir reglu 4. gr. reglugerðar um Keppendaskrá Skáksambandsins, séu að félagið hafi jafnframt verið upplýst um hana eftir reglum 2. gr. reglugerðarinnar. Að ofangreindu virtu, þ.e. að nafn Roberts Ris var ekki að finna í Keppendaskrá SÍ er gildi fyrir Íslandsmót skákfélaga 2012-2013, samhliða því

að ákvæði 4. gr. reglugerðar um keppendaskrá Skáksambandsins leiðir til að hefði hann verið skráður inn í keppendaskrána þegar hún var innleidd í júní 2010, átti hann með réttu að falla út af henni eftir Íslandsmót skákfélaga 2011-2012, þar eð þá voru liðin þrjú keppnistímabil frá þátttöku hans í mótinu, eru ekki forsendur til að líta svo á að nafn hans hafi átt að vera inni á Keppendaskrá SÍ er gildi fyrir Íslandsmót skákfélaga 2012-2013. Með vísan til þessa verður úrskurður mótstjórnar Íslandsmóts skákfélaga 2012-2013 staðfestur að niðurstöðu til, um að Robert Ris hafi verið ólöglegur keppandi með a-sveit Skákdeildar Fjölnis í 7. umferð 2. deildar Íslandsmóts skákfélaga 2012-2013, sem og um breytingu á úrslitum viðureignar a-sveitar Skákdeildar Fjölnis og b-sveitar Taflfélags Reykjavíkur í 7. umferð mótsins.

Eins og ágreiningsmál þetta sýnir er afar mikilvægt að stjórnarmenn í taflfélögum kynni sér efni framangreindra reglna um Keppendaskrá SÍ og fylgist með að þeir sem tefla fyrir hönd félagsins á Íslandsmóti skákfélaga, séu skráðir á hana.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Niðurstaða skv. úrskurði mótstjórnar Íslandsmóts skákfélaga 2012-2013 í málinu skal standa óröskuð.

Björgvin Jónsson

Jón Rögnvaldsson

Hlíðar Þór Hreinsson